

Vestfjörðum 15. júlí 2021

Samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum

Tilgangur þessa sáttmála er að standa sameiginlega að hagsmunagæslu í fiskeldi og tengdum atvinnugreinum á Vestfjörðum með það að markmiði að efla atvinnulíf og mannlíf með heildarhagsmuni Vestfjarða að leiðarljósi.

Sameiginlegt markmið sveitarfélaga er að auðlindagjöld sem skapast í fiskeldi á Vestfjörðum renni til sveitarfélaganna og unnið verði hratt að því að grunninnviðir Vestfjarða svari kröfum atvinnulífs og samfélaganna.

Samfélagssáttmálinn tekur á stefnumótun og lagaumgjörð atvinnugreinarinnar, samstarfi hafna, gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga og eflingu tekjustofna sveitarfélaganna. Sérstök áhersla verði í upphafi lögð á breytingar á lögum varðandi gjaldtöku af fiskeldi og tengingu við tekjustofna sveitarfélaga.

Leiðarljós sáttmálans eru sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð, í því felst að efla þekkingu á fiskeldi, efla þekkingu á umhverfispáttum og vinna samkvæmt bestu stöðlum um sjálfbærni. Sveitarfélögin eru sammála um að efla samtal við fiskeldisfyrirtæki um sameiginlega framtíðarsýn á Vestfjörðum um þróun atvinnugreinarinnar í sátt við umhverfi og samfélag.

Sáttmálanum fylgir skilgreining lykilhugtaka og drög að aðgerðaáætlun.

Vestfjörðum 15. júlí 2021

Drög að aðgerðaráætlun

1. Vinna að því að gjaldtaka í fiskeldi renni til sveitarfélaganna þar sem fiskeldið er stundað.
2. Greina möguleika varðandi samstarf sveitarfélaga um hagsmunagæslu í fiskeldi.
3. Vakta breytingar á lögum varðandi fiskeldi og greina heildaráhrif á Vestfjörðum.
4. Koma á samráðsvettvangi sveitarfélaga og fiskeldisfyrirtækja á Vestfjörðum.
5. Móta aðkomu ríkis að samfélagssáttmála.

Skilgreining lykilhugtaka:

Fiskeldi: Með fiskeldi er í þessum sáttmála átt við þaueldi á laxfiski.

Innviðir sveitarfélaga: Með innviðum sveitarfélaga í þessum sáttmála er átt við innviði sveitarfélaga sem þurfa að vera til staðar til að nauðsynleg atvinnuuppbygging geti átt sér stað.

Grunngerð svæðisins: Með grunngerð er átt við að tryggt sé að grunninnviðir Vestfjarða séu samkeppnishæfir við aðra landshluta. Er þar átt við m.a. samgöngur á lofti, láði og legi, fjarskipti og raforkumál.

Menntun í fiskeldi og tengdum greinum: Hér er átt við að tryggt sé að á svæðinu séu til staðar möguleikar til menntunar og starfsþróunar í fiskeldi hvort sem er fyrir ungt fólk sem hyggur á störf í fiskeldi í framtíðinni eða starfsfólk sem þegar starfar í greininni.

Samfélagsleg ábyrgð: Sveitarfélög skuldbinda sig til að vinna áfram að markmiðum Earth Check vottunar, fyrirtæki í atvinnugreininni skuldbinda sig til að fylgja UFS leiðbeiningum Nasdaq um sjálfbærni. Allir aðilar að samfélagssáttmálanum skuldbinda sig til að vinna samkvæmt bestu stöðlum um sjálfbærni.